

Íbúakönnun

Vinsamlegast merkið svörin í reitina.
Í spurningu 2 skal merkja við tvo valmöguleika: 1 sem fyrsta kost og 2 sem næsta kost.

Spurning 1

Vilt þú að skoðuð verði sameining við annað/önnur sveitarfélög?

Já

Nei

Spurning 2

Ef til viðræðna kæmi, hvert vildir þú beina samtalinu og láta skoða kosti og galla?
Merkið við tvo valmöguleika: 1 sem fyrsta kost og 2 sem næsta kost.

| 1 | 2 | Svarmöguleikar |
|--------------------------|--------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Eiga samtali við Árborg |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Eiga samtali við öll sveitarfélögin vestan við Flóahrepp (Ölfus, Hveragerði, Árborg) |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Eiga samtali við Skeiða- og Gnúpverjahrepp |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Eiga samtali við öll sveitarfélög í uppsveitum Árnessýslu |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Eiga samtali við sveitarfélög austan við Þjórsá (Ásahreppur) |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Öll Árnessýsla skoði sameiningu |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Annað, hvað? _____ |

Resident Survey

Please mark your answer clearly.
In Question 2, mark two options: 1 as your first choice and 2 as your second choice.

Question 1

Would you like a merger with another municipality or municipalities to be explored?

Yes

No

Question 2

If discussions were to take place, where would you like the conversation to be directed, and the advantages and disadvantages explored?

Mark two options: 1 as your first choice and 2 as your second choice.

| 1 | 2 | Response options |
|--------------------------|--------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Discuss a possible merger with Árborg |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Discuss a possible merger with all municipalities west of Flóahreppur (Ölfus, Hveragerði, Árborg) |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Discuss a possible merger with Skeiða- og Gnúpverjahreppur |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Discuss a possible merger with all municipalities in uppsveitir Árnessýslu |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Discuss a possible merger with municipalities east of the Þjórsá river (Ásahreppur) |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Discuss a possible merger involving all of Árnessýsla |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Other, please specify: _____ |

Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar 2025

From Náttúrufræðistofnun - NATT <natt@natt.is>

Date Wed 2026-05-06 11:30

To Náttúrufræðistofnun - NATT <natt@natt.is>

Ágætu viðtakendur

Náttúrufræðistofnun hefur gefið út [Ársskýrsla 2025](#).

Árið 2025 einkenndist af því að ný Náttúrufræðistofnun var að slíta barnsskónum eftir sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn.

Unnið var að samræmingu ferla, reglna, kerfa og menningar hinnar nýju stofnunar, enda er að mörgu að huga þegar stofnanir eru sameinaðar. Sameining stofnana á sér ekki stað á einum degi eða frá og með samþykkt á Alþingi. Sameiningarferlið sjálft, þ.e. að samræma kerfi og ferla, tekur hið minnsta tvö ár, en gera má ráð fyrir að innleiðing sameiningarinnar með tilliti til stofnanamenningar og nýrrar framtíðarsýnar taki mun lengri tíma.

Á sama tíma og unnið hefur verið að sameiningu hefur ný stofnun sinnt hefðbundnum verkefnum sínum, þar sem ekki er gert ráð fyrir að við sameiningu dragi úr afköstum eða getu, svo sem til að sinna þjónustu.

Ársskýrslan er birt í vefformi sem gerir hana aðgengilega og auðvelt er að fletta á milli kafla og efnisflokka. Einnig er hægt að skoða hana í hefðbundnu pdf-formi. Skýrslan er prýdd fjölda fallegra ljósmynda sem starfsfólk stofnunarinnar hefur tekið.

[Ársskýrsla 2025](#)

Kær kveðja / Best regards



Starfsfólk Náttúrufræðistofnunar
| Staff of the Natural Science Institute of Iceland

Náttúrufræðistofnun | Natural Science Institute of Iceland
Smiðjuvöllum 28 300 Akranesi Iceland
Sími | Tel [+354 430 9000](tel:+3544309000)
www.natt.is
natt@natt.is



Umsögn SSKS við 596.mál - Jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku (jöfnunargjald)

From Bryndís Gunnlaugsdóttir <bryndis.gunnlaugsdottir@samband.is>

Date Thu 2026-05-07 12:48

To Jón Páll Hreinsson <jonpall@bolungarvik.is>; dagmar.stefansdottir@mulathing.is <dagmar.stefansdottir@mulathing.is>; Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>; Jóna Árný Þórðardóttir <jona.a.thordardottir@fjardabyggd.is>; Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>; Guðrún P. Ólafsdóttir <gudrun.olafsdottir@vogar.is>; Pétur Arason <petur@hunabyggd.is>; Langanesbyggð Sveitarfélög (langanesbyggd@langanesbyggd.is) <langanesbyggd@langanesbyggd.is>; Einar Freyr <sveitarstjori@vik.is>; Katrín Sigurjónsdóttir <katrin@nordurthing.is>; Jón G. Valgeirsson <jon@ry.is>; Sigríður Júlía Brynleifsdóttir <sigridurjulia@isafjordur.is>; sveitarstjóri <sveitarstjori@klaustur.is>; Sigfús Ingi Sigfússon <sigfus@skagafjordur.is>; Skrifstofa Vogar <skrifstofa@vogar.is>; thorgeir@strandabyggd.is <thorgeir@strandabyggd.is>; bragi <bragi@sudavik.is>; Sigurjón Andrésson <sigurjon@hornafjordur.is>; Gerður Sigtryggsdóttir <gerdur@thingeyjarsveit.is>; Tjörneshreppur (skrifstofa@tjorneshreppur.is) <skrifstofa@tjorneshreppur.is>

Cc Íris Róbertsdóttir <iris@vestmannaeyjar.is>; Björn Ingimarsson <bjorn.ingimarsson@mulathing.is>; Gerður B. Sveinsdóttir <gerdur@vesturbyggd.is>; Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>; Björg Ágústsdóttir <bjorg@grundarfjordur.is>; Valdimar Hermannsson <valdherm@gmail.com>

1 attachment (84 KB)

Raforkueftirlit_SSKS_jöfnunargjald_alþingi_april2026.pdf;

Sent til aðildarsveitarfélaga Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Góðan daginn

Meðfylgjandi er umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frumvarp til jöfnunar kostnaðar við dreifingu á raforku (jöfnunargjald)

Frumvarpið leggur til hækkun á jöfnunargjaldi sem mun leiða til umtalsverðrar hækkunar á framlagi til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku og stuðla þannig að aukinni jöfnun frá og með 1. júlí 2026.

Stjórn hvetur aðildarsveitarfélög til að senda einnig inn umsagnir við frumvarpið. Nánari upplýsingar um frumvarpið og umsagnarfrést má sjá hér að neðan.

Bestu kveðjur
Bryndís

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>

Sent: 28 April 2026 14:52

Subject: Til umsagnar 596. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

28. apríl 2026

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar [596. mál – Jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku \(jöfnunargjald\)](#)

Umsagnir skal senda í gegnum [umsagnagátt Alþingis](#).

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 12. maí nk.**

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls í samræmi við [starfsreglur fastanefnda](#).

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Nefndadeild

563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. maí 2026

2604003SK BG
Málalykill: 60.21

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun
kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004 (jöfnunargjald) – 596. mál**

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum fagna frumvarpinu og leggja þunga áherslu á að það verði afgreitt á yfirstandandi þingi þannig að fyrirhuguð breyting geti tekið gildi 1. júlí 2026.

Málið fellur beint að tilgangi samtakanna, sem er m.a. að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga, íbúa og fyrirtækja í málum sem tengjast jöfnun orkukostnaðar til húshitunar á köldum svæðum og stuðla að því að niðurgreiðsla og stuðningur nái til allra fasteigna óháð notkun og eignarhaldi.

Með frumvarpinu er stigið mikilvægt skref í átt að auknu jafnræði milli landsvæða. Ójafn orkukostnaður er ekki eingöngu gjaldskrármál heldur byggða-, atvinnu- og jafnræðismál. Íbúar og fyrirtæki á köldum svæðum eiga ekki að bera hærri kostnað vegna búsetu eða staðsetningar þegar aðgangur að hagnæmri húshitun er ekki til staðar með sama hætti og á heitari svæðum.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að breytingarnar leiði til 90% jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku frá og með 1. júlí 2026 og að breytingin ætti ekki að leiða til hækkunar vísitölu neysluverðs. Þessi breyting hefði því raunveruleg og mælanleg áhrif fyrir heimili, fyrirtæki og sveitarfélög á köldum svæðum. Þótt samtökin hefðu kosið að gengið yrði alla leið með fulla jöfnun telja þau frumvarpið mikilvægt og tímabært skref í átt að sanngjarnari orkukostnaði.

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum mæla því eindregið með samþykkt frumvarpsins og hvetja Alþingi til að tryggja að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

Virðingarfyllst

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

Íris Róbertsdóttir,
Vestmannaeyjum

Björn Ingimarsson,
Múlaþingi

Björg Ágústsdóttir,
Grundafjarðarbæ

Kristinn Jónasson,
Snæfellsbæ

Valdimar O. Hermannsson,

Gerður Björk Sveinsdóttir,
Vesturbyggð

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands verður haldinn miðvikudaginn 27. maí nk. kl. 13:00

From Afgreiðsla SASS <afgreidsla@sass.is>

Date Wed 2026-05-06 14:49

Cc Ingunn Jónsdóttir <ingunn@sass.is>

 5 attachments (1 MB)

samthykkir-28-april-2016-efs (1).pdf; Hluthafaskrá 2025.pdf; Dagskrá aðalfundar EFS 2026.pdf; Fundarboð á aðalfund EFS 2026.pdf; Umboð EFS 2026.odt;

Ágæti hluthafi í Eignarhaldsfélagi Suðurlands.

Hér með er boðað til aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. miðvikudaginn 27. maí nk. kl. 13:00 í Safnaðarheimilinu á Hellu að Dynskálum 8, Hellu, samkvæmt meðfylgjandi fundarboði og dagskrá. – Boðið verður upp á létt snarl á fundinum.

Vinsamlega skilið meðfylgjandi umboði til framkvæmdastjóra félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfossi í síðasta lagi miðvikudaginn 25. maí nk. Einnig er hægt að senda umboðið með tölvupósti á ingunn@sass.is og ingvi@sass.is

Meðfylgjandi er einnig samþykktir félagsins og hluthafaskrá.

Vinsamlegast staðfestið móttöku á tölvupóstinum.



Ingui Már Guðnason

Verkefnis-og þjónustustjóri

Project and service manager

SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Austurvegi 56

800 Selfossi

sími 480 8200

sass.is



EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS HF.

Til hluthafa í Eignarhaldsfélagi Suðurlands hf.

Selfossi, 6. maí 2026

Ágæti hluthafi í Eignarhaldsfélagi Suðurlands.

Hér með er boðað til aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. miðvikudaginn 27. maí nk. kl. 13:00 í Safnaðarheimilinu á Hellu að Dynskálum 8, 850 Hellu, samkvæmt meðfylgjandi fundarboði og dagskrá. – Boðið verður upp á létt snarl á fundinum.

Vinsamlega skilið meðfylgjandi umboði til framkvæmdastjóra félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfossi í síðasta lagi mánudaginn 25. Maí nk. Einnig er hægt að senda umboðið með tölvupósti á ingunn@sass.is og ingvi@sass.is

Meðfylgjandi er einnig samþykktir félagsins og hluthafaskrá.

Með bestu kveðju,

f.h. stjórnar EFS

Ingunn Jónsdóttir